

Alþingi
Erindi nr. Ö 138/92
komudagur 4.2.2010



Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor
Brekkestíg 4a
101 Reykjavík

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu 150 Reykjavík
sími: 545 8400 bréfasími: 562 4014
postur@for.stjr.is
www.raduneyti.is

Reykjavík 14. janúar 2010
Tilv.: FOR10010099/2.4.44

Rannsóknarnefnd Alþingis, sbr. lög nr. 142/2008, til þess að rannsaka aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða, mun skila ítarlegri skýrslu til Alþingis í byrjun næsta mánaðar. Fyrir liggur að fram kunna að koma í skýrslunni atriði er beinast að stjórnarsýslunni og starfsháttum Stjórnarráðsins. Forsætisráðherra hefur því ákveðið að skipa nefnd sem skal taka skýrslu rannsóknarnefndarinnar til ítarlegrar umfjöllunar og meta þau atriði sem beinast kunna sérstaklega að stjórnarsýslunni og starfsháttum Stjórnarráðsins. Nefndin skal svo fljótt sem auðið er gera tillögur til forsætisráðherra og ríkisstjórnar um hugsanleg viðbrögð við þeim í samræmi við ábendingar rannsóknarnefndarinnar. Nefndin skal hafa starfsaðstöðu í forsætisráðuneytinu.

Nefndina skipa:

Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, sem er formaður,
Oddný Mjöll Arnardóttir, prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík,
Ómar H. Kristmundsson, dósent í opinberri stjórnarsýslu við Háskóla Íslands,
Kristín Benediktsdóttir, hdl.,
Trausti Fannar Valsson, lektor við lagadeild Háskóla Íslands.

Þér eruð hér með skipaður formaður nefndarinnar.

Jóhanna Sigurðardóttir

Ragnhildur Arnljótsdóttir